

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Vaðnes í Grímsnesi, Hvítárbraut 7-21.*

Deiliskipulagsbreytingin tekur til lóða Hvítárbrautar 7-21 í frístundabyggðinni Vaðnesi í Grímsnesi. Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa frístundahús, gestahús og smáhýsi á lóðunum. Samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 4. janúar 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**